

Þórshöfn 18.11.2024

## **Sveitarstjórn Langanesbyggðar**

Björn S. Lárusson, sveitarstjóri  
Langanesvegi 3 680 Þórshöfn

Hér með óska ég, Þorsteinn Ægir Egilsson, eftir því við sveitastjórn að hún veiti mér lausn frá störfum í sveitarstjórn Langanesbyggðar og öllum öðrum trúnaðarstöðum sem ég gegni á vegum sveitarfélagsins, frá 21.11.2024 og til loka kjörtímabilsins af heilsufarsástæðum.

Meðfylgjandi er skjal frá fulltrúum L-lista með breytingum á nefndum og ráðum sem þurfa að eiga sér stað eftir brotthvarf mitt og tveggja annarra fulltrúa af L-lista af vettvangi sveitarstjórnar Langanesbyggðar.

*Við þessi tímamót hjá mér finn ég mig knúinn til að koma eftirfarandi á framfæri til sveitarstjórnar, sveitarstjóra sveitarfélagsins og almennings.*

Frá því ég tók sæti í sveitarstjórn eftir kosningar í júní 2014 hefur mjög mikið áunnist samfélaginu til heilla ásamt miklum umbótum frá því sem áður var. Má þar nefna endurbyggingu grunnskólans, nýr leikskóli var byggður, endurbætur og framkvæmdir á Nausti, endurreisn atvinnulífs á Bakkafirði var hafin með því að koma byggðarlaginu í verkefnið Brothættar byggðir, „Jónsabúð“ tekin í notkun aftur, Landsbankahúsið keypt og breytt í nýsköpunarsetrið Kistuna, farið í umfangsmiklar hafnarframkvæmdir, gert sveitarfélagið að heilsueflandi samfélagi svo örfá dæmi séu nefnd. Samhliða þessu öllu var sérstök áhersla lögð á að bæta stjórnarsýslu, sem unnið er eftir í dag, og rekstrarafkomu sveitarfélagsins. Mikil og rík áhersla var lögð á að bæta þjónustu við íbúa þess, almannahagsmunagæslu sem og að reka sveitarstjóð eins vel og hægt var þrátt fyrir margar stórar, nauðsynlegar og krefjandi áskoranir, en góður rekstur er frumforsenda þess að hægt sé að ráðast í framkvæmdir og aðrar umbætur.

Á síðustu tveimur kjörtímabilum, það er frá 2014 til 2022, gekk sveitarstjórn vissulega í gegnum erfiða tíma. Oft kom upp málefnalegur ágreiningur og harkalegar umræður sköpuðust við ákvarðanatöku á hinum ýmsum málum. Þrátt fyrir þennan ágreining og deilur, er staðreyndin sú að allt samfélagið naut góðs að því sem gert var. Svo það sé líka sagt, þá stóðust allar ákvarðanir sem teknar voru hinar ítrustu kröfur um góða og réttmæta stjórnarsýslu, en á það var látið reyna nokkrum sinnum og niðurstaðan góð fyrir sveitarfélagið.

Þrátt fyrir krefjandi tíma farnaðist síðustu tveimur sveitarstjórnnum afar vel í uppbyggingu innviða, bættri þjónustu við íbúa og um leið að styrkja stöðu sveitarfélagsins fjárhagslega. Allt gerði þetta það að verkum að Langanesbyggð varð aftur áhugaverður staður fyrir fjölskyldufólk til að búa á og umræðan um byggðarlagið í fjölmiðlum varð jákvæð og uppbyggileg öfugt við

Það sem áður var, og er í dag. Þarna vil ég sérstaklega hrósa öllum þeim sem sátu í sveitarstjórn á tímabilinu, sveitarstjórum og starfsfólki sveitarfélagsins sem öll höfðu það eina markmið að vilja samfélaginu vel.

Á þessu kjörtímabili hefur umræðan og vinnuumhverfi innan og utan sveitarstjórnar hins vegar hvorki verið góð né sveitarfélaginu til framdráttar. Samantekið verð ég að segja að þetta breytta umhverfi hefur haft talsverð neikvæð áhrif á líðan mína og ekki síður fjölskylduna mína. Að því leiðir að mér og minni fjölskyldu er illu heilli orðið ókleift að búa áfram hér og höfum við því ákveðið að flytja frá svæðinu á næstu misserum.

Á sama tíma er sorglegt að sjá þá þróun sem átt hefur sér stað frá síðustu kosningum á svo mörgum sviðum í samfélaginu. Þessi neikvæða þróun birtist m.a. í slæmum samfélagslegum mórál og illu persónulegu umtali úti í samfélaginu sem birtist í lítilli samstöðu meðal fólks í byggðarlaginu. Þetta ástand hefur versnað mikið á skömmum tíma og gerir engum gott. Samhliða og kannski vegna þessa breytta ástands, að hluta til að minnsta kosti, hefur samsetning íbúa sveitarfélagsins breyst mikið. Hér fækkar fjölskyldufólki og í staðinn rísa hér verbúðir út um allt og hver veit hvar það endar.

Það alvarlegasta er þó það slæma vinnuumhverfi sem er í sveitarstjórn, sú sérhagsmunagæslupólítík sem rekin hefur verið hér blygðunarlaust frá síðustu kosningum og eigin geðþótta ákvarðanir þeirra sem stjórna og bera helstu ábyrgð á stjórnarsýslu sveitarfélagsins. „Eftir höfðinu dansa limirnir“ segir einhvers staðar og eru þessi atriði fyrst og fremst á ábyrgð æðstu stjórnenda sveitarfélagsins. Lög og samþykktir eru þessum aðilum framandi enda sýna nýlegar niðurstöður innviðaráðuneytisins fram á það með skýrum hætti.

Því er ekki að neita að þetta breytta umhverfi í okkar heimabyggð tekur mig og konu mína sérlega sárt. Okkar hugur stóð alla tíð til að búa hér áfram með börnunum okkar, ala þau hér upp og vinna áfram að enn betra samfélagi. Eins og alþekkt er hér innan byggðarlagsins höfum við hjónin unnið að ótal mörgum samfélagsmálum á undangengnum árum í sjálfboðaliðavinnu af góðum hug einum í gegnum tíðina.

Í lokin vil ég þakka öllu því góða fólki sem hefur stutt mig persónulega sem kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn, og ekki síður þann stuðning sem við fulltrúar L-listans höfum fengið á síðustu kjörtímabilum.

Virðingarfyllt,

Þorsteinn Ægir Egilsson.

## Bréf frá fulltrúum L-lista

- ~~1. Þorsteinn Egir Egilsson~~
2. Júlíus Þróstur Sigurbjartsson
3. Mirjam Blekkenhorst
- ~~4. Karítas Ósk Agnarsdóttir~~
- ~~5. Valgerður Sæmundsdóttir~~
6. Þórarinn J. Þórisson
7. Árni Bragi Njálsson
8. María Valgerður Jónsdóttir
9. Halldór Rúnar Stefánsson
10. Jósteinn Hermundsson
11. Jónann Guðmundsson
12. Mariusz Mozejko
13. Þorsteinn Vilberg Þórisson
14. Hallsteinn Stefánsson

## Breytingar

### á skipan fulltrúa L-lista í nefndum Langanesbyggðar

**Oddviti listans verður:** Júlíus Þróstur Sigurbjartsson.

**Ný röðun aðal- og varamanna L-lista lista:** **Aðalmenn:** Júlíus Þróstur Sigurbjartsson, Mirjam Blekkenhorst og Þórarinn J. Þórisson. **Varamenn:** Árni Bragi Njálsson, María Valgerður Jónsdóttir og Halldór Rúnar Stefánsson.

**Fulltrúar í Byggðaráði verða:** **Aðalmaður:** Júlíus Þróstur Sigurbjartsson **Varamaður:** Mirjam Blekkenhorst.

**Fulltrúi í skipulagsnefnd verður:** **Aðalmaður:** Þorsteinn Vilberg Þórisson. **Varamaður:** Jósteinn Hermundsson.

**Fulltrúi í velferðarnefnd:** Árni Bragi Njálsson. (**búið að skipa hann í nefndina**)

**Fulltrúi í stjórn SSNE verður:** Mirjam Blekkenhorst.

**Fulltrúi í vinnuhópi vegna stjórnsýsluúttektar verður:** Þórarinn J. Þórisson.